

Mál nr. 117/2022**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)****Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)****Sakarskipting. Ekið aftur á bak.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 19. apríl 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1, dags. 19. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf V2, dags. 2. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A, sem vátryggð er hjá V1 og B, sem vátryggð er hjá V2 á bifreiðastæði við Hagkaup í Skeifunni. Tjónstilkynningar ökumanna eru ekki sameiginlegar, heldur skiluðu ökumenn sínum lýsingum á atvikum í síthvoru lagi. Af merkingum í þessum tjónstilkynningum verður ekki annað ráðið en að báðir ökumenn telji sig hafa verið kyrrstæða þegar árekstur varð, en hafi í aðdraganda áreksturs verið að aka aftur á bak. Í gögnum málsins kemur fram að myndbandsupptaka sé til af atvikinu sem starfsmenn V1 og V2 hafi horft á, en upptakan sjálf hafi ekki fengist til afhendingar og því liggur hún ekki fyrir hjá nefndinni. Starfsmenn félaganna lýsa atvikum þannig í niðurstöðu Tjónanefndar vátryggingarfélaganna um sakarskiptingu að M, sem ökumaður bifreiðar B hafi *komið „...akandi í gegnum stöðureit, stöðvar bifreiðina og ekur svo afturábak í stöðureit þegar árekstur varð. Ökumaður bifreiðarinnar [A] sést aka afturábak úr stöðureit sínum og á bifreiðina [B].“*

M tilgreinir í málskoti að hún hafi ekið bifreið B og telur að ökumaður bifreiðar A beri fulla sök á árekstrinum þar sem hann hafi ekki gætt að sér við að aka aftur á bak. M lýsir atvikum þannig að báðir ökumenn hafi verið að aka aftur á bak þegar hún hafi stöðvað bifreið B, ökumaður bifreiðar A hafi einnig stöðvað en síðan ekið aftur af stað og þannig á bifreið B. M segir ökumann bifreiðar B hafa játað sök á vettvangi en síðan breytt framburði sínum og sagt ósatt í skýrslu.

V1 vísar til þess að starfsmaður félagsins hafi skoðað myndbandsupptöku af atvikum og telur af þeim gögnum að báðum bifreiðum hafi verið ekið aftur á bak í aðdraganda áreksturs og hvorugur gætt þeirra fyrirmæla sem komi fram í 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 um að ökumönnum beri að sýna aðgæslu við akstur aftur á bak.

V2 telur að leggja eigi alla sök á ökumann bifreiðar A þar sem hann hafi ekki gætt nægilega að sér er hann ók aftur á bak í hægri beygju.

Álit.

Í gögnum málsins er að finna skýra tilvísun til lýsingar starfsmanna V1 og V2, sem horfðu á myndbandsupptöku af aðdraganda áreksturs bifreiða A og B og áreksturinn sjálfan. Af þeim lýsingum verður ekki annað ráðið en að báðir ökumenn hafi ekið aftur á bak í aðdraganda árekstursins og þar því báðum að gæta sín sérstaklega, sbr. fyrirmæli 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Lýsingar M sem ökumanns bifreiðar B og lýsingar ökumanns bifreiðar A eru báðar þess eðlis að þeir hafi stöðvað bifreiðar sínar fyrir árekstur. Það passar ekki við lýsingar af myndbandsupptöku. Sönnunarbyrði hvílir á þeim sem heldur því fram að sök sé meiri hjá öðrum ökumanninum en hinum. Slík sönnun hefur ekki tekist hjá M. Verður því lagt til grundvallar að báðir ökumenn hafi verið að aka aftur á bak í aðdraganda áreksturs og hvorugur náð að stöðva bifreið sína það löngu fyrir árekstur að máli skipti við sakarskiptingu. Sök skiptist því til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli bifreiðanna A og B.

Reykjavík, 28. júní 2022.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir